

L ö g

Nr. 42.
2.
nóvbr.

um löggilding verslunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð
í Strandasýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61., 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 43.
2.
nóvbr.

um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um
vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nú verður maður uppvíis að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið

Nr. 43. við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Enn fremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slíkt leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstafréiðslumanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 1. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr., sæta almennri sakamála meðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tollaga nr. 54, 11. júlí 1911, og 1. málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.